# Íslensk höggmyndalist 1900-1950

Í tilefni Listahátíðar 1990 er efnt til sögulegrar sýningar á íslenskri höggmyndalist 1900-1950. Þar er ekki ætlunin að gefa heildaryfirlit yfir feril hvers listamanns heldur er lögð áhersla á að sýna helstu liststrauma í höggmyndalistinni á fyrri hluta aldarinnar.

Upphaf 20. aldar var merkilegur tími í stjórnmálasögu landsins og ekki síður í menningarsögunni. Þá komu fram á sjónarsviðið metnaðarfullir skapandi listamenn sem vildu styrkja menningarímynd þjóðarinnar samtímis sem þeir lögðu grunninn að íslenskri listasögu.

Þó vitað sé um nokkra einstaklinga sem höfðu lagt stund á listnám á 19. öld var það ekki fyrr en með Einari Jónssyni í lok 19. aldar sem við getum talað um upphaf íslenskrar höggmyndalistar. Hann naut snemma mikillar virðingar hjá landsmönnum líkt og sjá má af styrkveitingum honum til handa og af stofnun Listasafns Einars Jónssonar sem ríkið lét reisa og var formlega opnað árið 1923, fyrst listasafna á Íslandi. Einar Jónsson var afgerandi brautryðjandi á sínum tíma og flestir þeir myndhöggvarar sem á eftir komu á fyrri hluta aldarinnar höfðu meiri eða minni persónuleg kynni af honum og verkum hans.

Einar Jónsson hafnaði snemma naturalískri myndgerð. Hann lagði höfuðáherslu á frumleikann og þróaði einkar stórbrotið myndmál sem byggist á „þýðanlegum táknum, persónugervingum og allegóríum". En þrátt fyrir að myndir Einars hafi að geyma fleiri en eitt merkingarsvið, þá má í mörgum verka hans í byrjun aldarinnar og fram til um 1910, er hann kynnist hugmyndum guðspekinnar, greina skírskotanir bæði í landið og íslenska menningu. Ekki getum sagt að Einar hafi haft djúpstæð áhrif á myndmál yngri myndhöggvara. En víst er að Einar hafði umtalsverð áhrif á afstöðu manna líkt og Ríkharðs Jónssonar og Guðmundar frá Miðdal til listarinnar og hvað varðar þjóðlegar hugmyndir þar að lútandi. Ríkarður tileinkar sér að vissu marki frásagnaraðferð Einars Jónssonar í sínum táknrænu verkum, en að öðru jöfnu leggur Ríkarður sig fram við að samræma höggmyndir og þjóðlega útskurðar- og nytjalist. Ríkarður byggði myndsköpun sína á þjóðlegum grundvelli, hans hugmyndaheimur var hinn forni íslenski menningararfur. Hann vann jöfnum höndum að höggmyndalist og útskurði, virðingin fyrir handverkinu einkenndi verk hans. Vildi hann í sínu naturalíska myndmáli samræma hefðbundna höggmyndagerð og þjóðlega útskurðarhefð. Verk hans eru oftast hlaðin merkingarríku táknmáli. Hann var ákaflega mikilvirkur listamaður, gerði fjölmargar mannamyndir og minnisvarða, auk lágmynda og tréskurðar í kirkjum og öðrum opinberum byggingum. Brjóstmynd af Tryggva Gunnarssyni í garði Alþingishússins, lágmyndin Banakossinn (1950) í Þjóðleikhúsinu, minnisvarði um Stephan G. Stephansson (1953) á Arnarstapa í Skagafirði, biskupsstóllinn í Landakotskirkju, ræðustóll í Hvanneyrarskóla og útihurðin á Arnarhvoli í Reykjavík eru nokkur dæmi um verk hans.


Guðmundur frá Miðdal, sem var líkt og Ríkarður góðvinur Einars, deildi með Einari ákveðnum skírskotunum í íslensk náttúrufyrirbrigði, en hvað varðar sjálft myndmálið þá leggur Guðmundur áherslu á formið og rökrétt samhengi ólíkra myndefnisþátta. Hann lagði áherslu á formræna einföldun og afgerandi framsetningu. Þó svo að oft örli á ljóðrænum tón í verkum Guðmundar eru persónurnar sem hann skapar oftast statískar og gefa sjaldnast neitt upp um innri líðan. Þær virðast ortar í þriðju persónu. Myndgerð Guðmundar féll því vel að gerð minnismerkja, sem þurftu að tala skýrt og afdráttarlaust til áhorfenda. Hann skreytti ýmsar opinberar byggingar í samvinnu við Guðjón Samúelsson húsameistara. T.d. lágmynd á framhlið Landspítalans, lágmynd yfir inngangi Landakotskirkju, silfurbergsskreytingu í anddyri Háskóla Íslands, stuðlabergsskreytingu í lofti salar Þjóðleikhússins og lágmynd í stigagangi leikhússins. Af öðrum verkum hans má nefna höggmyndir í Reykjav-

**Markviss höggmyndalist hefst hér með Einari Jónssyni, en Sigurjón Ólafsson og Ásmundur Sveinsson eru hinsvegar upphafsmenn módernismans í íslenskri höggmyndalist. Verk þeirra eru nú sýnd á Kjarvalsstöðum ásamt verkum eftir Ríkarð Jónsson, Guðmund frá Miðdal, Nínu Sæmundson, Magnús Á. Árnason, Martein Guðmundsson og Gunnfríði Jónsdóttur.**

**Eftir GUNNAR B. KVARAN**



*Gunnfríður Jónsdóttir: Síldarstúlkur, 1947.*



*Magnús A. Arnason: Nafnlaus mynd frá því um 1930.*



*Einar Jónsson: Ýmir og Auðhumla, 1907-1909.*